

## Erindi\_31.8.2022

**Til** : ssh@ssh.is <ssh@ssh.is>;pall <pall@ssv.is>;Sigríður Kristjánsdóttir <sirry@vestfirdir.is>;Aðalsteinn Óskarsson <adalsteinn@vestfirdir.is>;ssnv@ssnv.is <ssnv@ssnv.is>;Albertína Friðbjörg Elíasdóttir <albertina@ssne.is>;jona@austurbru.is <jona@austurbru.is>;Bjarni Guðmundsson <bjarni@sudurland.is>;berglind <berglind@sss.is>;Akraneskaupstaður (akranes@akranes.is) <akranes@akranes.is>;Akureyri <akureyri@akureyri.is>;Árneshreppur (arneshreppur@arneshreppur.is) <arneshreppur@arneshreppur.is>;Ásahreppur (asahreppur@asahreppur.is) <asahreppur@asahreppur.is>;Bláskógabyggð (blaskogabyggd@blaskogabyggd.is) <blaskogabyggd@blaskogabyggd.is>;Bolungarvíkurkaupstaður (bolungarvik@bolungarvik.is) <bolungarvik@bolungarvik.is>;Borgarbyggð (thjonustuver@borgarbyggd.is) <thjonustuver@borgarbyggd.is>;Dalabyggð (dalir@dalir.is) <dalir@dalir.is>;Dalvíkurbyggð (dalvik@dalvik.is) <dalvik@dalvik.is>;Eyaogmiklaholtshreppur <eyjaogmiklaholtshreppur@vortex.is>;Eyjafjarðarsveit (esveit@esveit.is) <esveit@esveit.is>;Fjallabyggð (fjallabyggd@fjallabyggd.is) <fjallabyggd@fjallabyggd.is>;Fjarðabyggð (fjardabyggd@fjardabyggd.is) <fjardabyggd@fjardabyggd.is>;Fljótaldshreppur (fljotsdalshreppur@fljotsdalur.is) <fljotsdalshreppur@fljotsdalur.is>;floahreppur <floahreppur@floahreppur.is>;Garðabær (gardabaer@gardabaer.is) <gardabaer@gardabaer.is>;Grindavíkurbær (grindavik@grindavik.is) <grindavik@grindavik.is>;gogg <gogg@gogg.is>;Grundarfjarðarbær (grundarfjordur@grundarfjordur.is) <grundarfjordur@grundarfjordur.is>;sveitarstjóri <sveitarstjori@grenivik.is>;Hafnarfjarðarkaupstaður (hafnarfjordur@hafnarfjordur.is) <hafnarfjordur@hafnarfjordur.is>;Helgafellssveit (Hilmarha@simnet.is) <Hilmarha@simnet.is>;Hrunamannahreppur (hruni@fludir.is) <hruni@fludir.is>;Húnabyggð (sveitarstjori@blonduos.is) <sveitarstjori@blonduos.is>;Húnaþing vestra (skrifstofa@hunathing.is) <skrifstofa@hunathing.is>;Hvalfjarðarsveit (hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is) <hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is>;Hveragerðisbær (hve@hveragerdi.is) <hve@hveragerdi.is>;Hörgársveit (horgarsveit@horgarsveit.is) <horgarsveit@horgarsveit.is>;Ísafjarðarbær (postur@isafjordur.is) <postur@isafjordur.is>;drangsnæs <drangsnæs@drangsnæs.is>;Kjósarhreppur (kjos@kjos.is) <kjos@kjos.is>;Kópavogsbær (kopavogur@kopavogur.is) <kopavogur@kopavogur.is>;Kópavogur - skjalavarsla (skjalavarsla@kopavogur.is) <skjalavarsla@kopavogur.is>;Langanesbyggð (langanesbyggd@langanesbyggd.is) <langanesbyggd@langanesbyggd.is>;Mosfellsbær (mos@mos.is) <mos@mos.is>;Múlaþing (mulathing@mulathing.is) <mulathing@mulathing.is>;Mýrdalshreppur (myrdalshreppur@vik.is) <myrdalshreppur@vik.is>;Norðurþing (nordurthing@nordurthing.is) <nordurthing@nordurthing.is>;Rangárþing eystra (hvolsvollur@hvolsvollur.is) <hvolsvollur@hvolsvollur.is>;Rangárþing ytra (ry@ry.is) <ry@ry.is>;Reykólahreppur (skrifstofa@reykholar.is) <skrifstofa@reykholar.is>;Reykjanesbær (skjaladeild@reykjanesbaer.is) <skjaladeild@reykjanesbaer.is>;Reykjavíkurborg (radhus@reykjavik.is) <radhus@reykjavik.is>;Seltjarnarnesbær (postur@seltjarnarnes.is) <postur@seltjarnarnes.is>;Skafárhreppur (klaustur@klaustur.is) <klaustur@klaustur.is>;Skagabyggð (skaga.byggd@simnet.is) <skaga.byggd@simnet.is>;Skeiða- og Gnúpverjahreppur (skeidgnup@skeidgnup.is) <skeidgnup@skeidgnup.is>;Skorradalshreppur (skorradalur@skorradalur.is) <skorradalur@skorradalur.is>;Skrifstofa Vogar <skrifstofa@vogar.is>;Skútustaðahreppur (halla@skutustadahreppur.is) <halla@skutustadahreppur.is>;Snæfellsbær (snb@snb.is) <snb@snb.is>;Strandabyggð (strandabyggd@strandabyggd.is) <strandabyggd@strandabyggd.is>;Stykkishólmur (stykkiholmur@stykkiholmur.is) <stykkiholmur@stykkiholmur.is>;Suðurnesjabær (postur@sudurnesjabaer.is) <postur@sudurnesjabaer.is>;Súðavíkurhreppur (sudavik@sudavik.is) <sudavik@sudavik.is>;Svalbárdalshreppur (postur@svalbardsstrond.is) <postur@svalbardsstrond.is>;Sveitarfélagið Árborg (radhus@arborg.is) <radhus@arborg.is>;Sveitarfélagið Hornafjörður (afgreidsla@hornafjordur.is) <afgreidsla@hornafjordur.is>;Sveitarfélagið Skagafjörður (skagafjordur@skagafjordur.is) <skagafjordur@skagafjordur.is>;Sveitarfélagið Skagaströnd (skagastrond@skagastrond.is) <skagastrond@skagastrond.is>;Sveitarfélagið Ölfus (olfus@olfus.is) <olfus@olfus.is>;Tálknafjarðarhreppur (talknafjordur@talknafjordur.is) <talknafjordur@talknafjordur.is>;Tjörneshreppur <skrifstofa@tjorneshreppur.is>;Vestmannaeyjabær (postur@vestmannaeyjar.is) <postur@vestmannaeyjar.is>;Vesturbyggð (vesturbyggd@vesturbyggd.is) <vesturbyggd@vesturbyggd.is>;Vopnafjarðarhreppur (skrifstofa@vopnafjardarhreppur.is) <skrifstofa@vopnafjardarhreppur.is>;Þingeyjarsveit (thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is) <thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is>

**Frá** : Guðjón Bragason <gudjon.bragason@samband.is>

**CC** : Kristín Ólafsdóttir <kristin.olafsdottir@samband.is>;Sigríður Ármann Snævarr <sigurdur.snaevarr@samband.is>;Eygerður Margrétardóttir <eygerdur.margretardottir@samband.is>

**Heiti** : Erindi\_31.8.2022

**Málsnúmer** : 2022080951

Málsaðili : Umhverfis-, orku- og loftslagsr  
Skráð dags : 31.08.2022 14:57:23  
Höfundur : Guðjón Bragason <gudjon.bragason@samband.is>

You don't often get email from gudjon.bragason@samband.is. [Learn why this is important](#)

## Til allra sveitarfélaga og landshlutasamtaka

Í gær áttu fulltrúar sambandsins fyrsta fund með starfshópi um nýtingu vindorku. Starfshópnum er ætlað að eiga náið samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga og er gert ráð fyrir fundum u.þ.b. mánaðarlega á starfstíma starfshópsins, sem á að skila tillögum í byrjun febrúar.

Sveitarfélög fengu erindi frá starfshópnum fyrir stuttu, með ósk um umsagnir um tiltekin álitæfni fyrir lok september. Það væri mjög gagnlegt fyrir frekari vinnu okkar hjá sambandinu í þessu máli að fá virkt samtal við okkar bakland um viðhorf sveitarstjórna og áskoranir sem þær glíma við varðandi vindorkuver. Við myndum gjarnan þiggja afrit af umsögnum sveitarfélaga til starfshópsins og líka reynslusögur. Við vitum að framkvæmdaaðilar eru víða að banka upp á með hugmyndir um vindorkugarða og hljóta sveitarfélögin að kalla eftir skýrari stefnu og leikreglum um staðsetningu slíkra mannvirkja, í sem mestri sátt við umhverfi og íbúa. Mikilvægt er að rödd sveitarfélaga fái mikið vægi í vinnu starfshópsins.

Í skipunarbréfi starfshópsins er óskað eftir að starfshópurinn hugi m.a. að eftirfarandi spurningum og álitæfnum:

- Hvort rétt sé að virkjunarkostir í vindorku heyrir áfram undir lög nr. 48/2011, um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, eða að þeir verið undanskildir þeim lögum, en að settar verði sérreglur um meðferð slíkra virkjunarkosta.
- Hvernig haga eigi samspili hagnýtingar vindorku og skipulags- og leyfisveitingarferli þegar í hlut eiga viðkvæm svæði eða viðkvæmir þættir, eins og áhrif á náttúrufar og friðlýst svæði, fuglalíf, ferðamennsku, grenndarrétt eða önnur sjónarmið.
- Hvernig ná eigi fram þeirri áherslu í stjórnarsáttmála að vindorkuver byggist helst upp á afmörkuðum svæðum nærri tengivirkjum og flutningslínunum.
- Hvernig ná megi fram sem breiðastri sátt um hagnýtingu vindorku meðal landsmanna eins og einnig er fjallað um í stjórnarsáttmála.
- Hvort horfa eigi til þess að hið opinbera hafi með höndum einhvers konar forgangs Röðun einstakra virkjunarkosta, heildarfjölda eða heildarstærð leyfðra vindorkuvera eða setji aðrar mögulegar skorður við vindorkunýtingu og fyrirkomulagi vindorkuvera.
- Hvernig rétt sé að haga ákvörðunar- og leyfisveitingarferli virkjunarkosta í vindorku.
- Hvernig best sé að haga gjaldtöku vegna hagnýtingar vindorku.

Umsagnir sveitarfélaga um málið geta beinst að framangreindum atriðum en þurfa vitaskuld ekki að einskorðast við þau ein. Benda má t.d. á að það væri gagnlegt fyrir starfshópinn að fá upplýsingar um:

- Hvort stefna um vindorkunýtingu hafi verið samþykkt í aðal- eða svæðisskipulagi sveitarfélaga, svo sem um landsvæði sem hentað geti til slíkrar landnýtingar eða almennar línur um hvaða skilyrði slík starfsemi þurfi að uppfylla
- Hvort áform séu um að vinna eða endurskoða slíka stefnu á því kjörtímabili sem nú er hafið
- Hvort mikil ásókn sé í að virkja vindorku í viðkomandi sveitarfélagi
- Hvort afstaða íbúa hafi verið könnuð til slíkra áforma
- Hvort sveitarstjórn hafi almennt mótað sér afstöðu til vindorkunýtingar
- Önnur atriði sem sveitarstjórn telur skipta máli

Sveitarstjórnnum er vitaskuld í sjálfs vald sett hve ítarlegri umsögn þau skila til starfshópsins. Líklegt má telja að starfshópurinn muni vilja eiga samtal við sveitarstjórnir sem senda inn umsagnir og kann í slíku samtali að gefast tækifæri til að koma að frekari sjónarmiðum eða gögnum.

F.h. sambandsins,  
Guðjón Bragason og Kristín Ólafsdóttir